

Reglur um styrki vegna fjarnáms nema í grunnskólakennarafræðum

Reglur þessar gilda fyrir starfsfólk grunnskóla í Sveitarfélaginu Ölfusi sem hyggjast stunda fjarnám til B.Ed./M.Ed. prófs í grunnskólakennarafræðum.

Markmiðið með reglunum er að styðja við grunnskólakennara er starfa við Grunnskólann í Þorlákshöfn.

Styrkhæft nám

Kennaranám sem er fimm ára nám, í því felst bakklárgráða og meistaraþráða í Kennaradeild Menntavísindasviðs. B.Ed.nám er þriggja ára fræðilegt og starfstengt 180 eininga grunnnám. Að því loknu hefur kennaranemi rétt til að sækja um tveggja ára fjölbreytt og spennandi 120 eininga meistaranám sem veitir réttindi til að sækja um leyfisbréf leik eða grunnskólakennara samkvæmt lögum nr. 87/2008 og reglugerð nr. 872/2009. Námið er bæði staðbundið lotunám og fjarnám.

Framhaldsnám til M.Ed. fyrir starfandi grunnskólakennara; 120 einingar, bæði staðbundið lotunám og fjarnám.

• Umsóknarhæfi og – ferli

Umsækjandi skal eiga lögheimili í Sveitarfélaginu Ölfusi og hafa starfað í grunnskóla í sveitarfélaginu í minnst 12 mánuði og að lágmarki í 50% starfi. Bæjarráð Sveitarfélagsins Ölfuss getur veitt undanþágur frá þessum skilyrðum. Umsækjandi styrks skal að jafnaði vera í lágmarki 10 ECTS eininga námi á hverjum tíma og að hámarki 20 eininga námi sem er 2/3 af fullu námi.

Styrkþegi skuldbindur sig til að starfa hjá sveitarfélaginu í ½ ár fyrir hverja námsönn sem viðkomandi nýtur styrks. Skuldbinding þessi skal þó að hámarki vera þrjú ár. Að námi loknu skal starfshlutfall starfsmanns vera að lágmarki 75%. Í umsókn skulu koma fram upplýsingar um fyrirhugað nám, námstíma og -áætlun. Ber umsækjanda að skila staðfestingu um skólavist með umsókninni eða strax og staðfesting liggur fyrir. Umsókn skal skilað til skólastjóra grunnskóla sem síðan sendir þær bæjarstjóra með umsögn. Umsögn skal fylgja kostnaðarútreikningur vegna hvernar umsóknar.

Stuðningur við nema

Styrkir til nema á meðan á námi stendur eru þríþættir.

- Laun í staðbundnum lotum og vettvangsnámi í grunnskólum, allt að 5 vikum á hverju skólaári m.v. 20 ECTS eininga nám á hvorri önn sem jafngildir 1,25 degi fyrir hverja ECTS einingu.
- Nema eru greiddar eingreiðslur 1. september og 1. janúar hvert skólaár upp á 50.000 kr. í hvort sinn, en frá þessum greiðslum dragast styrkir sem viðkomandi hafa aðgang að og/eða fá frá sínum stéttarfélögum eða úr öðrum sjóðum. Eingreiðslurnar eru ætlaðar til að mæta námskostnaði. Upphæð eingreiðslna skal taka breytingum vísitölu neysluverðs og skal grunnvísitalan vera 432,8.
- Nemi hefur aðgang að vinnu- og námsaðstöðu í grunnskóla sveitarfélagsins, tölvu, prentun, ljósritun o.fl. Nám skal þó ekki stundað á vinnutíma nema að það sé fyrirfram skilgreint s.s. nám á vettvangi, í staðlotu eða rannsókn unnin á vettvangi í tengslum við námið. Stuðningur við nema getur verið í allt að 7 ár m.v. 180 eininga nám. Ef að nemi hættir í námi og/eða í starfi að námi loknu áður en skuldbundnum starfstíma er lokið hefur Sveitarfélagið Ölfus heimild til þess að krefjast endurgreiðslu á veittum styrk.

• Fjöldi nema og frávik

Fjöldi starfsmanna sem njóta stuðnings til náms samkvæmt reglum þessum ræðst annars vegar af þörf í grunnskóla Sveitarfélagsins Ölfuss hverju sinni og hinsvegar á því fjármagni sem bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss tilnefnir á hverju ári í fjárhagsáætlun þess. En að jafnaði skulu ekki vera fleiri en 3 starfsmenn í námi með vinnu.

Verði verulegar breytingar á fyrirkomulagi fjarnáms eða á persónulegum högum nema getur bæjarstjóri í umboði

bæjarráðs veitt frávík frá reglum þessum. Bæjarráð úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að koma við framkvæmd þessara reglna.